

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*31. janúar 2014*

***Ágætu foreldrar/forráðamenn.***

Nú er prófum lokið og skólastarf aftur fallið í fastar skorður.

***Starfið framundan:***

***Ferð 9. bekkjar að Laugum í Dalasýslu.***

Víkuna 3.-7. febrúar verða 9. bekkingar í Ungmenna- og tólmstundabúðunum á Laugum í Dalasýslu en hefð er fyrir því að 9. bekkur dvelji þar eina viku á ári. Dvölin þar fjármagna þeir með rekstri kaffihúss og ýmissi annarri fjáröflun en skólinn hefur greitt rútukostnað fyrir þau. Umsjónarkennari þeirra, Fríða Eyjólfsdóttir, verður með þeim á Laugum.

***Starfskynning 10. bekkjar.***

10. bekkur fer í starfskynningu dagana 5.-7. febrúar. Þá velja nemendur bekkjarins nokkur fyrirtæki til að heimsækja og kynna sér starfsemi þeirra. Nemendur skila svo greinargerð um dagana þegar þeir koma aftur í skólann.

***Félagsmiðstöð***

Miðvikudaginn 5. febrúar er nemendum 6. bekkjar boðið að vera með í félagsmiðstöðinni.

***Starfsdagur kennara***

Mánudaginn 17. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*